

**Nr. 106 / 15 Ásbjörn RE 50****Leki í vélarúmi**

Skipaskr.nr. 1509 IMO nr. 7638387  
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1978 stál  
Stærð: 442,4 brl. 652 bt.  
Mesta lengd: 49,86 m Skráð lengd: 44,93 m  
Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,6 m  
Vél: Stork-Werkspoor 1450 kW, 1985  
Fjöldi skipverja: 15



Ásbjörn ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**


Þann 20. september 2015 var Ásbjörn RE 50 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: ANA 8-14 m/s.

Þegar skipið var stutt á Deildargrunni eða um 50 sml NV af Ísafirði urðu skipverjar varir við leka í vélarúmi og var haldið undir eigin vélarafli áleiðis til Ísafjarðar. Björgunarskip frá Ísafirði og þyrila LHG, TF-LIF, voru send á móts við Ásbjörn með aukadælur en dælur um borð reyndust ekki hafa undan lekanum.

Björgunarskipið fylgdi Ásbirni til hafnar á Ísafirði þar sem kafað var við skipið og í ljós kom að gat var á botni þess. Framkvæmd var bráðabirgðaviðgerð og var því síðan siglt til Reykjavíkur í slipp.

**Við rannsókn kom fram:**

- að um var að ræða tæringargat um 6 x 3 cm á botni skipsins niður við kjöl undir aðalvél (sjá mynd). Ógerlegt var að komast að því innan frá;



- að þegar búið var að stækka gatið reyndist talsvert af verkfærum vera í kjölnum m.a. tveir toppar, úrrek, gjallhamar, framlengingarskaft og skrúfjárn (sjá mynd).



- að zinkun á botni skipsins var í góðu lagi en hún var síðast endurnýjuð í mars 2014;
- að skipt var um aðalvél í skipinu árið 1985 og ekki ólíklegt sé tekið mið að verkfærunum að þau séu búið að liggja í kjöl skipsins frá þeim tíma.

### ***Nefndarálit:***

Orsök þess að gat kom á bol skipsins var tæring vegna aðskotahluta í kjöl þess.

### ***Ábending:***

Athyglisverð grein, „**TÆRING Í BOTNI VÉLARÚMS STÁLSKIPPA**“ eftir Hjálmar R Bárðarson birtist í tímaritinu **Siglingamál** (bls. 4-7) riti Siglingamálastofnunar ríkisins (nr. 5) í mars 1976. Hægt er að nálgast hana á vefnum hjá [timarit.is](http://timarit.is) með því að slá inn siglingamál sem leitarorð.